

Fundur 16.9.2024 Margrét Aðalsteinsdóttir úr Kópavogi.

Góða kvöldið, komið þið blessuð og sæl.

*Góða kvöldið og velkomin.*

Íslendingur er ég, þið eruð þessir Nýalssinnar.

*Já já, já.*

Ég hafði nú næstum því mætt á fund til ykkar, en varð nú ekki úr því samt.

Og nú er ég hingað komin og finnst mér það vera þakkarvert að ég komist í sambandið og finnst mér þetta nú stóruandlegt mál og öðru vísi en ég hafði nú ætlað mér.

Og vona að mér takist að koma þessu í gegn, meira af vilja en mætti og hef ég kannski ekki að fullu náð tökum á nýjum líkama mínum á nýjum hnetti og er það kannski af þeirri ástæðu að ég er nokkuð nýkomin yfir á þennan hnött.

Og allt er þetta mér svo mikið undrunarefni að mér er það nægilegt verkefni að átta mig á staðháttum, svo ég þurfi ekki að bæta því við að standa í þessari pontu og tala hér fyrir framan alþjóð, þar sem þessi steinn er og einbeita mér að ljósinu og einbeita mér að öllum þeim sem hér eru nærstaddir og eru nokkurs konar stilli aflsvæði fyrir okkur sem reynum hér að tala til ykkar.

En mikið er það nú gott að vera laus við alla verkina og laus við ellina og vera eins og unglamb að nýju.

Það er betra en orð fá lýst og hafa hér manninn sér við hlið sem var farinn á undan mér nokkrum árum á undan, talsvert mörgum árum, það voru liðin meira en 10 ár og hafa auk þess fjölskyldumeðlimi með sér, móður og föður og aðra ættingja.

Það er undrum líkast og var ég nú efablandin í trú minni á hinn kristna Guð og var ég einnig efablandin að líf væri eftir dauðann og þess vegna er það mér enn meiri undrun að vera hér framkomin og að allt skuli það vera eins og ég hafði heyrt, en þó ekki allt, því æfinlega er eitthvað það sem kemur á óvart og er öðruvísi en maður bjóst við eða hafði gert sér hugmyndir um.

En það er þó sérstaklega skemmtilegt að hér eru engir andar svífandi eins og draugar, heldur er fólkið eðlilegt eins og það var á jörðinni, en kærleikurinn meiri og það er fyrir miklu.

Já ég vissi til ykkar starfs og spurði um það og spurði oft um manninn minn en ekki kom hann í gegn hjá ykkur, en nágranni okkar og vissi ég ekki hvort ég ætti að trúa því að þessi sambönd væru raunveruleg, en nú hef ég upplifað það af eigin raun og er það fyrir mestu.

Og held ég nú þegar ég er hingað komin að fólk geti aldrei fengið sannanir á slíkum miðilsfundum, en er það gott þegar einhverjir eins og ég koma í gegn og hægt er að kannast við einhverjar setningar sem maður segir og vonandi persónuleika.

Get ég nú ekki talað mikið lengur, vil ég þakka fyrir mig og segja til nafns og kannski kannast þá einhver við mig, þegar þið farið að velta þessu betur fyrir ykkur, en vil ég að lokum minnst á að það eru nokkrir fjölskyldumeðlimir mínir sem þurfa á orku að halda og get ég nú ekki nefnt þá alla, og ég hef nú beðið Dungal og hina læknana hér að sinna þeim og vona að það gangi, en það er nú eins og það er þetta líf.

Það er aldrei á vísan að róa að heilsan sé fullkomin hjá öllum, en er ég hér hæstánægð og vil ég styrkja ykkur öll og þakka fyrir mig og hef ég hitt þau hjónin úr brekkunni, þau vilja gjarnan koma í gegn og hitti ég einnig hjónin foreldra annars sem er hér staddur, get ekki sagt meira.

Margrét Aðalsteinsdóttir úr Kópavogi, verið þið sæl og þakka ég fyrir mig.

*Vertu blessuð Margrét og þakka þér fyrir komuna.*